



Aðalfundur GO 2016

Golfskálanum á Urriðavelli 8. desember 2016

1. Setning fundar

Ingi Þór Hermannsson, formaður GO bauð fundargesti velkomna og bar upp fyrsta lið sem var kosning fundarstjóra og fundarritara. Sigfríður Sigurðardóttir var kjörin fundarstjóri og Jón Júlíus Karlsson var kjörinn fundarritari. Um 80 félagsmenn sóttu aðalfund GO árið 2016. Sigfríður fór yfir boðun og lögmæti fundarins og síðan var gengið til formlegrar dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar

Ingi Þór Hermannsson fór yfir liðið starfsár. Sagði að sumarið hefði að mörgu leyti verið mjög gott og ótrúlega gott þegar litið væri til veðurfars. Aldrei hafi völlurinn verið eins opinn lengi og í ár eða til 27. október. Raunar hafi veðrið síðustu viku verið það gott að undanfögnu að hægt væri að hafa völlinn opinn núna í desember.

Ingi Þór þakkaði Nikka og Pálu í veitingasölunni sérstaklega fyrir að bjóða félögum til kaffisamsætis í lok golfvertíðar og var þeim þakkað með lófataki.

Farið var yfir tölfræði og kynntir þeir rástímar sem eru hvað vinsælastir eftir aldurshópum. Þar kom fram að nokkur munur er á hvaða rástímar eru vinsælastir eftir aldurshópum. Eldri aldurshópur leikur meira að morgni en aðrir aldurshópar. Vinsælasti rástíminn er kl. 10:00.

Konur í golfklúbbnum Oddi eru fjölmargar og er hæsta hlutfall kvenna í GO innan vébanda GSÍ eða um 41%. Ingi ræddi um það öfluga starf sem unnið er í kvennastarfi og hrósaði kvennanefndinni fyrir góð störf. Hann sagði að bæta mætti barna- og unglíngastarf.

Ingi sagði að hápunktur starfsins hefði verið Evrópumót kvennalandsliða sem fram fór í byrjun júlí. Umsagnir hefðu verið mjög jákvæðar. Ingi sagði að þó hefði verið ánægjulegast að upplifa þann samhug sem ríkti í klúbbnum á meðan á mótinu stóð. Ingi ræddi um “græna herinn” sem stóð vaktina með sóma. Sjálfboðaliðar eiga miklar þakkir skilið.

Ingi þakkaði Elínu Hrönn Ólafsdóttur sem var verkefnastjóri sjálfboðaliða. Hún hélt vel utan um verkið. 80 sjálfboðaliðar tóku þátt í starfinu í kringum mótið og gerðu með miklum sóma. Gríðarlega mikið vinnuframlag og í raun ómetanlegt starf. Allir lögðu sitt á vogarskálarnar – vallarstarfsmenn og aðrir starfsmenn.

Ingi færði einnig félagsmönnum GO þakkir fyrir að sýna Evrópumótinu skilning og gefa völlinn frá sér á meðan á mótinu stóð. Mótið mun auka hróður klúbbsins. Hvað varðar fjárhagshlið mótsins má segja að klúbburinn hafi sloppið fyrir horn.



Félagsstarf

Félagsstarf var hefðbundið á árinu. Gerðar voru mjög jákvæðar breytingar á Powerade-mótaröðinni sem heppnaðist mjög vel. Gera þurfti breytingar á Meistaramóti GO vegna EM. Ljóst var ekki voru allir sáttir með að mótið væri stytta um einn dag en reynt var eftir fremsta megni að setta sjónarmið. Mótið sjálft heppnaðist afskaplega vel og ríkti mikil gleði meðal keppenda. Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Rögnvaldur Magnússon stóðu uppi sem klúbbmeistarar GO árið 2016.

Ingi Þór segir að Bændaglíman hafi heppnast afar vel og nú komist færri að en vilja á mótið. Nýta þarf orðið Ljúfling til að rúma alla þá keppendur sem tóku þátt. Ingi þakkaði Valdimari Júlíussyni fyrir góð störf í mótanefnd á árinu.

Erfiðarleikar voru með innanhúss aðstöðu fyrir æfingar á síðasta vetri en klúbburinn missti góða aðstöðu í Kaupúni. Stjórn klúbbsins hefur tekið þá ákvörðun að semja við GKG um aðstöðu á þessum vetri. Það verður kynnt nánar síðar.

Minna var um fræðslustarf en oft áður. Reglunámskeið var á sínum stað á árinu. Mikil áhersla hefur verið lögð á það að auka upplýsingaflæði til félagsmanna og t.a.m. voru 34 fréttabréf send til félagsmanna.

Tvær utanlandsferðir voru í boði fyrir félagsmenn GO í ár. 14 félagar fóru til Belfry í Englandi í vor og 50 félagar fóru til La Sella á Spáni í haust.

Barna- og afreksstarf var starfrækt á árinu. Klúbburinn hefur ekki haft nægilegt fjármagn til að sinna þessum þætti sem skyldi á undanförunum árum en reynt verður að efla þennan þátt. GO sendi sveitir í Íslandsmót golfklúbba og var árangur góður á árinu.

Fjárfestingar og framkvæmdir

Klúbburinn fjárfesti í nýjum golfbílum, 10 talsins á árinu. Skipt var út bensíngolfbílum fyrir rafmagnsbíla. Klúbburinn er þar með umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Stefnt er að því að klára umhverfissvottun á næsta starfsári. Klárað var að endurnýja æfingabolta og æfingamottur á æfingasvæðinu.

Lögð var heitavatslögn að golfskála. Ekki er búið að tengja lögnina og því er skálinn áfram upphitaður með rafmagni sem fyrr. Einnig var lagður ljósleiðari sem vonandi verður tengdur samhliða heitu vatni í náinni framtíð.

Lokið var við breytingar á tjörnum við 2. og 5. braut sem þóttu heppnast vel. Ingi hrósaði starfsfólki og talaði um þann mannauð sem starfar hjá Golfklúbbum. Klappað var sérstaklega fyrir þeirra frábæra starfi. Stígurinn við 8. braut var lagaður til á árinu og malbikaður.



Veturinn var erfiður og það voru kalsár víða á brautum. Mikil vinna var lögð í að reyna að laga þetta. Árangur erfiðisins fór að sjást í lok sumars.

Hafinn er undirbúningur að byggingu á nýrri vélaskemmu en í dag þarf að nota gáma til að geyma tæki inni yfir vetramánuði. Stefnt er að því að reisa nýja vélaskemmu á árinu 2018. Samvinna við landeigendur varðandi það verkefni er þegar hafin.

Vinavellir

Teknir voru inn tveir nýir vinavellir á árinu. Hólmsvelli í Leiru var bætt við og einnig Brautarholti tímabundið á meðan EM stóð. Vinavellir voru mjög vel nýttir á árinu og er það þjónusta sem félagsmenn kunna greinilega að meta.

Stækkun Urriðavallar

Stjórn GO er mjög hugleikið að stækka Urriðavöll í 27 holur. Mikill vilji er fyrir því að þetta verði að veruleika. Garðabær hefur verið í vinnu varðandi aðalskipulag bæjarins og hefur Oddfellow látið Garðabæ í té fullmótaða hugmynd að því hvernig svæðið gæti litið út í framtíðinni. Bærinn hefur ekki tekið afstöðu til stækkunarinnar þar sem stefnt er að því að friðlýsa svæðið – og gera að fólkvangi. Garðabær og landeigendur eru að skoða málið í samstarfi við Umhverfisstofnun. Náttúrufræðistofnun hefur einnig hlutverki að gegna í málinu og mun skila sínu álit á næstu dögum. Línur ættu að skýrist á næsta ári. Það er von okkar og trú að hér verði einstakt útivistarsvæði með golfvelli á heimsmælikvarða.

Fjármál

Ingi Þór benti á að halli hafi verið á rekstri klúbbsins og munar þar mestu um aukinn launakostnað og hins vegar þeirrar staðreyndar að Garðabær skar niður framlag til klúbbsins í formi vallarstarfsmanna. Verulega er gengið á eigið fé klúbbsins. Ingi Þór segir að fjármál klúbbsins hafi ávallt verið í miklum fókus frá upphafi sinnar stjórnartíðar. Rekstur klúbbsins hafi ávallt verið erfiður og miklu aðhaldi beitt til að dæmið gangi upp.

Leiga fyrir aðstöðu til Oddfellow upp á 26 milljónir króna er mjög erfið. Reynt hefur verið að fá Garðabæ til að koma betur að málum. Þær tilraunir hafa lítinn árangur borið. Framlag til klúbbsins hefur staðið í stað frá árinu 2012. Vítistala hefur vaxið um 28% á þessum tíma og framlag því rýrnað um 1,5 milljónir. Garðabær studdi GO varðandi EM og stóð við það að hluta.

Ingi Þór segir að það sé komið nóg af kurteisisheimsóknnum til bæjarstjóra Garðabæjar. Það hefur engu breytt og íþróttafélagið GO sé eina íþróttafélagið sem greiðir leigu fyrir aðstöðu sína í Garðabæ. Mikið hefur breyst á þeim 23 árum sem klúbburinn hefur verið starfandi og fjöldi félagsmanna margfaldast.

Ingi Þór talaði um hvaða leiðir væru færar – og Ingi segir að kominn sé tími til að fara í hart. Hægt væri að fá leigu á svæðinu lækkaða og það liggja fyrir drög að framlengja núverandi samning við landeigendur um eitt ár. Árið verið notað til að fara í saumana



á rekstrinum og treysta rekstur klúbbsins. Tími væri kominn til að staldra við og kanna hvernig hægt væri að koma rekstrinum í rétt horf.

Ingi segir mikilvægt verkefni nýrrar stjórnar að bæta fjárhagsstöðu klúbbsins. Ingi Þór segir þrátt fyrir allt mjög gaman að vera félagi í Golfklúbbnum Oddi. Hann kveðst sannfærður um að starf klúbbsins verði kröftugt á komandi ári.

Hann þakkaði öllum þeim sem hafa komið að stjórn klúbbsins og lagt honum lið á undanförunum árum.

Á síðasta stjórnafundi var ákveðið að veita þremur félögum viðurkenningu fyrir frábært starf í þágu klúbbsins. Eftirtaldir aðilar fengu viðurkenningu við þetta tilefni:

Hallgrímur Þorsteinsson – Gullmerki Golfklúbbsins Odds
Jóhanna Dröfn Kristinsdóttir – Gullmerki Golfklúbbsins Odds
Atli Stefánsson - Heiðursviðurkenning Golfklúbbsins Odds

Lokaorð

Ingi Þór tilkynnti að hann hyggðist ekki gefa kost á sér til endurkjörs sem formaður. Hann hefur verið formaður í sjö ár og þakklátur fyrir það starf sem hefur verið unnið á þessum tíma. Fjárhagur klúbbsins hafi honum alltaf verið hugleikinn og margt gott áunnist.

Leitun er að umhverfi sem er eins vel hirt og á Urriðavelli. Verkefnið Braut í föstri hefur tekist mjög vel. Stækkun vallar hefur verið fylgt vel eftir en GO mun ekki standa að verkefninu heldur landeigendur. Stefnt er að því að koma þessu í höfn.

Ímynd klúbbsins hefur vaxið mjög og mörgum mýtum verið rutt úr vegi. Urriðavöllur er mjög eftirsóttur til mótahalds - sérstaklega hjá stærri fyrirtækjum. Fjöldi félaga hefur haldist mjög stöðugur á síðustu árum.

EM í sumar sýndi hversu öflugur Golfklúbburinn Oddur er í raun og veru.

Ingi var fullur þakklætis í lok ræðu sinnar og þakkaði kærlega fyrir sinn tíma hjá klúbbnum og þakkaði einnig eiginkonu sinni fyrir þann skilning sem hún hefur sýnt honum „í þessu félagsmálabrölti“ eins og Ingi Þór orðaði það sjálfur.

Risið var úr sætum í lok ræðu og klappað fyrir Inga.

2. Kynning á endurskoðum reikningnum

Þorvaldur Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri GO, fór yfir tekjur og gjöld á rekstararárinu. Tekjur klúbbsins voru 1,5 milljón meiri á árinu en samkvæmt áætlun. Leiga á golfbílum er þar helsta breytingin á milli ára. Auk þess jókst sala í golfbúðinni um 2,8 m. Á móti er minni sala á vallargjöldum en áætlað var, bæði á Ljúflingi og Urriðavelli.



Þegar rekstrargjöldin eru skoðuð er það launakostnaðurinn sem stendur upp úr og sem varð mun meiri en áætlað var. Ástæðan fyrir þessum mun er tvíþættur. Í fyrsta lagi voru launhækkanir hærrí og komu fyrr en áætlanir gerðu ráð fyrir. Laun hækkuðu um 6,1% frá og með 1. janúar en gert hafði verið ráð fyrir að laun myndu hækka um 5,2% frá og með 1. maí. Í öðru lagi lagði Garðabær til þremur færri sumarstarfsmenn en árið á undan sem þýddi að klúbburinn þurfti að taka á sig aukinn launakostnað vegna þessa. Þessir tveir þættir skýra nánast að öllu leyti mismun á áætlun og rauntölum.

Gert hafði verið ráð fyrir útlögðum kostnaði vegna lagnaleiðar upp á 5,5 milljónir en varð þegar uppi varð staðið 7,5 milljónir.

Rekstur golfskála og bygginga er einnig nokkuð yfir áætlun. Er þar helst til að taka að sorphirða í sundurliðun sem er 1 milljón hærrí en áætlað var. Inni í þessum lið er gámaleiga og kostnaður vegna rótþróa. Rotþrær hafa verið tæmdar 3 - 4 sinnum á ári með ærnum tilkostnaði. Ef það er ekki gert höfum kemur úrganginn upp úr niðurföllum klúbbhúsinu. Það segir sig sjálf að rótþróin er ekki að þjóna hlutverki sínu eins og hún á að gera. Það verður að segjast eins og er að þessi liður er mér mikill þyrnir í augum og verður verkefnið að lækka þennan kostnað eins og auðið er.

Rekstur véla og tækja er nokkuð undir áætlun. Ástæðan er einföld: GOF lækkaði leigu á vélum og tækjum til klúbbsins einfaldlega vegna þess að vélakaup hafa verið í lágmarki á árinu. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður er svo aðeins undir áætlun.

Efnahagur hefur stækkað nokkuð og er það helst vegna fjárfestingar í 10 golfbílum auk þess sem viðskiptakröfur hafa aukist nokkuð. Aukning viðskiptakrafna er tilkomin vegna þess að reikningar til styrktaraðila voru sendir út seinna en í fyrra og voru því með gjalddaga eftir að reikningsári lauk. Með sama hætti aukast þá skammtímaskuldir klúbbsins á móti. Óráðstafað eigið fé er einungis tvær milljónir króna og verður það verkefni að snúa rekstrinum við á næsta ári.

Orð var gefið laust vegna skýrslu stjórnar og ársreikning

Ingjaldur Ásvaldsson þakkaði Inga Þór kærlega fyrir störf sín fyrir klúbbinn. Sagði að Ingi hafi staðið sig afar vel og það væri söknuður af honum úr forystu Golfklúbbsins Odds.

Fleiri óskuðu ekki eftir að fá orðið.

Ársreikningur borinn upp til samþykktar

Hann var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.



5. Lagabreytingar

Fluttar voru tillögur að lagabreytingum á aðalfundi GO 2016:

1.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist við nýr málslíður:

Komi til þess að stjórnarmaður hætti í stjórn á fyrra starfsári er heimilt að kjósa stjórnarmann til eins ár svo að tryggt verði að tveir stjórnarmenn verði kosnir á hverjum aðalfundi í samræmi við ákvæði 2. ml. i.f.

Samþykkt með meirihluta atkvæða

2.

4. mgr. 10. gr. breytist og hljóðar svo:

Á aðalfundi skal kjósa þriggja manna kjörnefnd, sem starfar í eitt ár. Tilkynningar um framboð til embætta skulu berast skrifstofu Golfklúbbsins Odds, eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Hafi ekki nægjanlegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt félagsmönnum. Hafi þrátt fyrir það eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Að framboðsfresti liðnum skal kjörnefnd kynna frambjóðendur á heimasíðu klúbbsins og/eða með öðrum tryggum hætti.

Samþykkt með meirihluta atkvæða

3.

2. mgr. 14. gr. laganna breytist og orðist svona:

Á vegum stjórnarinnar skulu að jafnaði starfa eftirtaldar nefndir: Mótanefnd, vallarnefnd, aganefnd, kvennanefnd og afreksnefnd.

Samþykkt með meirihluta atkvæða

4.

9. tl. 18. gr. laganna breytist og orðist svo:

9. Kosning 3ja manna í kjörnefnd.

Þá bætist við nýr tölulíður sem orðist svo:

10. Önnur málefni ef einhver eru.



5.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á aðalfundi 2017 verður kosið um þrjá stjórnarmenn. Kjósa skal einn þeirra sérstaklega til eins árs en tvo stjórnarmenn til tveggja ára eins og skylt er skv. 10. gr.

Samþykkt með meirihluta atkvæða

6. Árgjald og önnur gjöld næsta árs - Fjárhagsáætlun næsta árs

Einar Geir Jónsson, gjaldkeri GO, kynnti fjárhagsáætlun næsta árs. Gert er ráð fyrir að tekjur klúbbsins aukist um 6 milljónir á milli ára og verði tæplega 176 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður standi í stað á milli ára og verði um 174 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir tveggja milljón króna hagnaði á næsta ári samkvæmt áætlun en lítið má útaf bregða til að enda náið saman.

Gjaldskrá

Einar kynnti tillögu að árgjaldi og gjalda fyrir næsta starfsár. Þar voru kynntar breytingar á gjaldskrá sem verður eftirfarandi:

Félagsgjöld GO 2017	Gjald
Félagsmenn 26-66 ára	109.000
Félagsmenn 67 ára og eldri	87.200
Félagsmenn 18-25 ára	54.500
Börn og unglingar 17 ára og yngri	32.700
 	<hr/>
Systkinaafsláttur:	
– Tvö systkini	43.700
– Þrjú systkini	54.700
– Fjögur systkini	65.700
Inntökugjald	15.000
Nýtt félagsskírteini	700

Orðið var gefið ljóst um tillögu stjórnar GO að nýrri gjaldskrá fyrir árið 2017. Enginn kvaddi sér hljóðs og var því tillagan borin undir fund til samþykkis.

Tillagan var samþykkt samhljóða.



7. Kosning formanns og stjórnar GO

Gunnar Viðar kynnti fyrir hönd uppstillingarnefndar tillögu að nýrri stjórn GO. Tillaga uppstillingar – formaður til eins árs verði Elín Hrönn Ólafsdóttir, Halla Hallgrímsdóttir stjórnamaður til tveggja ára og Kári Sölmundarson verði kjörinn varamaður til eins árs.

Elín Hrönn var ein í framboði og kjörin formaður.
Halla Hallgrímsdóttir var ein í framboði til stjórnar og kjörin.
Varamaður til eins árs var kjörinn Kári Sölmundarson
Skoðunarmenn Helgi F. Arnarson og Davíð Einarsson og Ásbjörn Björnsson til vara.

Í kjörnefnd voru kjörin þau Guðmundína Ragnarsdóttir, Gunnar Viðar, Kristjana Þorsteinsdóttir.

8. Önnur mál

Þorvaldur Þorsteinsson kvaddi sér hljóðs og vildi þakka Inga Þór Hermannssyni kærlega fyrir góð störf. Var honum veittur blómvöndur við þetta tilefni fyrir hönd stjórnar og starfsfólks.

Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ. Óskaði nýjum formanni til hamingju með kosninguna. Haukur sagði að Golfklúbburinn Oddur hafi staðið frammi fyrir einu stærsta verkefni sem golfhreyfingin á Íslandi hefur tekist á við. Haukur þakkaði félagsmönnum GO fyrir að lána völlinn í mótið. Sjálfboðaliðar voru áberandi í mótinu og segir Haukur að hann hafi aldrei séð eins marga sjálfboðaliða á EM og í mótinu í ár. Sem félagsmaður sagðist Haukur Örn vera stoltur og montinn af klúbbum sínum og félagsmönnum.

Haukur segir að félagsandinn hafi aukist mjög mikið með komu Inga Þórs í formannsembætti. Við séum heppin að það sé til fólk sem leggur á sig þessa vinnu. Að því sögðu tilkynnti Haukur að hann myndi að þessu tilefni sæma Inga Þór með silfurmerki GSÍ fyrir störf í þágu golfhreyfingarinnar á Íslandi.

Elín Hrönn Ólafsdóttir var síðust á mælendaskrá. Elín þakkaði traustið og segir að það sé eitt það skemmtilegasta sem maður gerir að vera sjálfboðaliði fyrir Golfklúbbinn Odd. Kveðst hún takast á við nýtt starf með þakklæti og eftirvæntingu. Elín sleit fundinum og óskaði félagsmönnum gleðilegra jóla.

Fundi slitið kl. 22:05.

Fundargerð ritaði Jón Júlíus Karlsson

Sigfríður Örgunfardóttir
Jón Júlíus Karlsson